



Kortlagning á aðgerðum sveitarfélaga

Skjal sott af '00 00000000

A vertical banner featuring a close-up of water splashing or bubbles, creating a textured, white foam against a blue background. The text "Skjal sott af '00 00000000" is printed vertically along the left edge of the banner.

Útgefandi:

Innviðaráðuneytið

Markvissari árangur á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Kortlagning á aðgerðum sveitarfélaga.

Október 2025

irn@irn.is

www.irn.is

Umbrot og textavinnsla:

Innviðaráðuneytið

©2025 Innviðaráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Kortlagning aðgerða	6
2.1 Stefnur sveitarfélaga á sviði umhverfismála	6
2.2 Lögbundin verkefni á sviði umhverfismála	7
2.3 Sértek verkefni á sviði umhverfismála	8
2.4 Verkefni sem ekki hafa komist til framkvæmda	10
3. Niðurstaða verkefnisins	13

Töfluskrá

Tafla 1 Hvaða stefnum á sviði umhverfismála býr sveitarfélagið að (umhverfis-, hringrásar-, náttúruverndar-, loftlags- eða aðrar)?	6
Tafla 2 Hvenær voru stefnurnar síðast uppfærðar?	7
Tafla 3 Fylgja stefnunum aðgerðaáætlanir?	7
Tafla 4 Hver eru helstu lögbundnu verkefni á sviði umhverfismála sem sveitarfélagið sinnir að staðaldri?	8
Tafla 5 Hver eru helstu verkefni sem sveitarfélagið hefur hug á að sinna en ekki haft tök eða bolmagn til?	11

1. Inngangur

Í desember 2023 samþykkti Alþingi stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Markmið stjórnvalda í sveitarstjórnarmálum eru skilgreind í áætluninni og snýr annað markmiðið að því að sveitarfélög verði öflug og sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa. Í því felst áhersla á sjálfbærni sveitarfélaga, m.a. með því að móta viðmið á sviði efnahags-, samfélags- og umhverfismála í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, þ.m.t. í því skyni að tryggja að tekjur standi undir lögbundinni þjónustu, áföllum og framtíðaráskorunum sveitarfélaga. Til að takast á við þær áskoranir sem blasa við á sviði sveitarstjórnarmála hafa jafnframt verið skilgreind sjö lykilviðfangsefni sem unnið verður að, m.a. aukinn árangur á sviði loftslags-, umhverfis- og skipulagsmála.

Markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 hefur verið lögfest og skuldbindingar gagnvart Evrópusambandinu og Parísarsáttmálanum hljóða upp á töluverðan samdrátt næsta áratuginn¹. Sveitarstjórnarstigið gegnir lykilhlutverki í að ná þessum markmiðum og skuldbindingum innan settra tímamarka. Nú þegar hefur verið gripið til margvíslegra ráðstafana af hálfu sveitarfélaganna og fyrirhugaðar eru mun fleiri aðgerðir á ýmsum sviðum í þágu umhverfis- og loftslagsmála. Brýnt er að skapa yfirsýn yfir þessi verkefni í þeim tilgangi að samhæfa vinnubrögð og greina veikleika og þar með tækifæri til að ná markvissari árangri. Þá er mikilvægt að móta viðmið um umhverfislega sjálfbærni til að stuðla að því meginmarkmiði ríkisvaldsins að rekstur sveitarfélaganna verði sjálfbær.

Með hliðsjón af framangreindu var aðgerð sjö í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga skilgreind og felur hún í sér að kortleggja aðgerðir sveitarfélaganna á sviði umhverfis- og loftslagsmála í því skyni að skapa forsendur fyrir markvissari árangri á því sviði. Á grundvelli yfirlitsins verði mótaðar tillögur um samhæfð vinnubrögð og frekari aðgerðir til að tryggja markvissari árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, efla/auka viðnámsþol og aðlaga sveitarfélögin að afleiðingum loftslagsbreytinga. Stuðlað verði að bættum umhverfisgæðum og heilnæmara umhverfi með sérstakri áherslu á loftgæði og stuðningi við vistvænan lífsstíl almennings í allri starfsemi sveitarstjórnarstigsins.

¹ Sjá frétt á vef Stjórnarráðsins um loftslagsmarkmið Íslands til ársins 2035 gagnvart Parísarsáttmálanum: <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2025/10/01/Island-tilkynnir-loftslagsmarkmid-til-arsins-2035-til-Parisarsamningsins/>

Framkvæmd aðgerðarinnar hófst í desember 2024 með gagnaöflun en verkefnið var unnið í samstarfi innviðaráðuneytisins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Verkefnateymið var þannig samsett:

- Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur í umhverfis- og loftslagsmálum hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.
- Guðrún Heiður Ísaksdóttir, sérfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu,
- Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri í innviðaráðuneytinu,
- Magnús Örn Agnesar Sigurðsson, sérfræðingur og teymisstjóri í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

2. Kortlagning aðgerða

Upplýsingabeiðni var send til allra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir upplýsingum stefnur sveitarfélaganna á sviði umhverfismála, hvaða lögbundnu verkefnum og sértæku verkefnum sveitarfélögin sinna á sviði umhverfismála og hvaða verkefnum þau hefðu hug á að sinna en hafa ekki haft bolmagn til. Svör bárust frá 39 sveitarfélögum.

2.1 Stefnur sveitarfélaga á sviði umhverfismála

Sveitarfélögin búa langflest yfir umhverfisstefnu eða annarri stefnumótun sem tekur á umhverfis- og loftslagsmálum með einhverjum hætti. Af þeim 39 sveitarfélögum sem svöruðu hafa 25 samþykkt umhverfisstefnu, umhverfis- og auðlindastefnu eða umhverfis- og loftslagsstefnu, ýmist sjálf eða í samstarfi við önnur sveitarfélög. Í tíu sveitarfélögum er umhverfis- og loftslagsstefna í undirbúningi. Nokkuð algengt er að sveitarfélög hafi samvinnu sín á milli í málaflokknum, sbr. sveitarfélög á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Rétt er að nefna að samkvæmt lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, ber ríki og sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu. Sjá má yfirlit yfir stefnur sveitarfélaganna í málaflokknum í töflu 1.

Tafla 1 Hvaða stefnum á sviði umhverfismála býr sveitarfélagið að (umhverfis-, hringrásar-, náttúruverndar-, loftlags- eða aðrar)?

Stefna	Fjöldi
Aðalskipulag sem tekur á umhverfismálum	4
Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í höfnum	2
Framkvæmdaáætlun vegna umhverfisvottunar skv. staðli Earth Check	4
Framtíðarsýn og stefna, þ.m.t. í umhverfismálum	1
Heildarstefna fyrir sveitarfélagið	3
Hjólreiðastefna	2
Langtímaáætlun í fráveitu	1
Loftslags- og orkuskiptaáætlun	2
Samþykkt um fráveitur og rotþrær	1
Samþykkt/svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	16
Sjálfbærnistefna	4
Stefna um meðhöndlun skólps í undirbúningi	1
Svæðisskipulag með umhverfisáætlun	4
Umhverfis- og loftslagsstefna í undirbúningi	10
Umhverfisstefna/Umhverfis- og auðlindastefna/Umhverfis- og loftslagsstefna	25
Ýmsar stefnur sem taka á umhverfismálum	6

Nokkur fjöldi stefna eru komnar til ára sinna og eru eldri en þriggja ára. Sum sveitarfélög nefna þó sérstaklega að til standi að uppfæra stefnur þeirra, auk þess sem tíu sveitarfélög vinna að gerð nýrra umhverfis- og loftslagsstefna. Sjá yfirlit yfir útgáfuár framangreindra stefna í töflu 2.

Tafla 2 Hvenær voru stefnurnar síðast uppfærðar?

Hvenær uppfærðar?	Fjöldi
2015 eða fyrr	10
2016-2021	18
2022	15
2023	13
2024	13
2025	5
Stendur til að uppfæra	5
Vantar upplýsingar	7

Í mörgum tilvikum fylgja framangreindum stefnum sveitarfélaganna aðgerðaáætlanir með skilgreindum aðgerðum, auk þess sem a.m.k. tvö sveitarfélög vinna að mótun aðgerðaáætlunar. Sjá fjölda aðgerðaáætlana með stefnum sveitarfélaganna í töflu 3.

Tafla 3 Fylgja stefnunum aðgerðaáætlanir?

Fylgir stefnunni aðgerðaáætlun?	Fjöldi
Já	25
Nei	30
Er í mótun	2
Vantar upplýsingar	29

2.2 Lögbundin verkefni á sviði umhverfismála

Sveitarfélög sinna ýmsum lögmæltum verkefnum á sviði umhverfismála, ýmist sjálf eða í samstarfi við önnur sveitarfélög. Lögmæltum verkefnum má skipta í annars vegar lögskyld verkefni og hins vegar lögheimil verkefni. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Dæmi um slíkt verkefni er skylda sveitarfélaga til meðhöndlunar úrgangs, sbr. samnefnd lög nr. 55/2003, og mótun loftslagsstefnu, sbr. framangreint. Lögmælt verkefni geta einnig verið lögheimil en í því felst að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Rekstur náttúrustofa er dæmi um lögheimilt verkefni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Í töflunni er yfirlit yfir helstu lögbundnu verkefni á sviði umhverfismála sem sveitarfélögin sinna að staðaldri. Þar má sjá að söfnun og meðferð úrgangs og skólps er stærsta viðfangsefni sveitarfélaga í málaflokknum en auk þess sinna sveitarfélögin alla jafna heilbrigðiseftirliti, meindýraeyðingu og dýraeftirliti og skipulagsmálum. Undir liðnum ýmis verkefni á sviði náttúruverndar má nefna náttúruverndarnefndir, rekstur náttúrustofa og þjóðgarðsmál.

Í sumum tilvikum koma lögbundin verkefni ekki til kasta sveitarfélaganna þar sem þau eiga ekki við, s.s. fjarlæging girðinga af eyðijörðum, landgræðsla og varnarlínur vegna búfjársjúkdóma.

Tafla 4 Hver eru helstu lögbundnu verkefni á sviði umhverfismála sem sveitarfélagið sinnir að staðaldri?

Verkefni	Fjöldi
Dýravernd	10
Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar	11
Fjallskil	12
Fjarlæging girðinga af eyðijörðum	6
Framkvæmd umhverfismats	4
Gatnagerð	8
Heilbrigðiseftirlit	17
Landgræðsla	10
Meindýraeyðing, dýraeftirlit	19
Mengunarvarnir	12
Nafngift nýrra náttúrufyribæra	2
Skipulagsmál	16
Söfnun og meðferð úrgangs og skólps	30
Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu húsi	7
Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma	3
Verndarsvæði í byggð	4
Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar	21

2.3 Sértek verkefni á sviði umhverfismála

Fyrir utan lögbundin verkefni og framkvæmd stefna og aðgerðaáætlana sinna sveitarfélögin ýmsum sértækum verkefnum á sviði umhverfismála. Þessi verkefni snúa ýmist að úrgangsmálum, verndun umhverfisins, tegunda og náttúruauðlinda, verkefni á sviði almenningssamgangna svo sem gerð göngu- hjólastíga, fræðsla til almennings og fyrirtækja á sviði umhverfismála, menntaverkefni á borð við Grænfánann, hringrásarkerfið, orkuskipti, kolefnisbinding, o.s.frv.

Sum sveitarfélög hafa unnið styrkumsóknir og vottanir fyrir ýmsum verkefnum svo sem fyrir orkuskiptum í Orkusjóð, EarthCheck umhverfsvottun, EUCE, ICEWATER, UNESCO skólar, UNESCO Man and Biosphere o.fl.

Helstu sértæku verkefni sem sveitarfélögin hafa kosið að vinna að eru eftirfarandi:

- Aðgerð C.10 í byggðaaætlun: Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög
- Afsláttur til byggingaraðila sem stuðlar að vistvænni mannvirkjum
- Akstursreglur
- Almenningsamgöngur
- Ábyrg flokkun og meðhöndlun úrgangs
- Ábyrg nýting auðlinda
- Árlegt hreinsunarátak (Plokkdagurinn)
- Beitarfriðun
- Beitarstýring
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Borgað þegar hent er
- Bættar grenndarstöðvar
- EarthCheck umhverfismæting
- Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar
- Endurheimt votlendis
- EUCF-styrkur
- Fegrun umhverfis og viðhald
- Fjallskil
- Fjölga rafhleðslustöðvum
- Flutningur og eyðing dýrahæja
- Frístundaakstur
- Fræðsla og upplýsingar fyrir íbúa og ferðamenn
- Fuglavernd
- Gerð áhættumats fyrir þéttbýli
- Græn skref
- Grænfáninn í grunnskólum
- Grænir iðngarðar
- Göngu- og hjólastígar
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Hringrásarstefna
- Innleiðing laga um hringrásarhagkerfið
- Jarðgerð
- Kolefnisbinding
- Kortlagning á innviðum
- Kortlagning stíga og gönguleiða
- Könnun á jarðvegi
- Landgræðsla
- LED ljósastaurar
- Leiðamerking
- Loftgæði
- Loftslagsmál
- Losunarbókhald

- Meindýraeyðing og dýraeftirlit
- Mengunarvarnir
- Mælahús fyrir loftgæðamælingar
- Náttúrustofur
- Náttúruvernd
- Orkuskipti
- Rotþróahreinsun
- Rykbinding
- Samgöngusamningar
- Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins
- Samvinna við Laufið
- Skipulagsmál
- Skógrækt
- Skólphreinsun
- Skráning minja
- Skör ofar
- Sorphirða, flokkun og hreinsun
- Stofnun rekstrarfélags um lífgas- og áburðarvinnslu
- Styrkir til skógræktarféлага
- Umhirða opinna svæða og uppræting gróðurs sem skapað getur hættu
- Umhverfisfræðsla
- UNESCO Man and Biosphere umsókn
- UNESCO skólar
- Uppbygging skóga
- Uppgræðsla
- Uppsetning hleðslustöðva
- Urðunarstaður
- Vatns- og hitaveita
- Vernd lausafjármuna
- Verndun laxveiðiáa
- Virkir ferðamátar hluti af skipulagsmálum
- Vöktun á saurgerlamengun í yfirborðsvatni og strandsjó
- Vöktunvatna
- Yfirferð á fráveitukerfi
- Þátttaka í Evrópsku samgönguvíkunni
- Þátttaka í ICEWATER
- Þétting byggðar
- Þjóðgarðsmál

2.4 Verkefni sem ekki hafa komist til framkvæmda

Sveitarfélögin voru spurð að því hver væru helstu verkefni á sviði umhverfismála sem þau hefðu hug á að sinna en hefðu ekki tök eða bolmagn til. Flest sveitarfélög hafa hug á því að sinna fleiri umhverfistengdum verkefnum

en þau hafa tök á, til viðbótar við lögbundnu og valkvæðu verkefnin sem þau sinna þegar. Þetta gæti verið vísbending um að sveitarfélögin hafi meiri metnað fyrir umhverfismálum en þau ná að sýna í verki og að þörf sé á auknum stuðningi frá ríkinu til að auka bolmagn sveitarfélagana til að sinna mikilvægum umhverfistengdum verkefnum sem stuðla í nær öllum tilvikum að yfirlýstum markmiðum ríkisins í úrgangsmálum, loftslagsmálum, fráveitumálum og málefnum náttúruverndar. Tafla 4 sýnir þau verkefni sem sveitarfélög hafa hug á að sinna en hafa ekki haft tök eða bolmagn til að sinna.

Tafla 5 Hver eru helstu verkefni sem sveitarfélagið hefur hug á að sinna en ekki haft tök eða bolmagn til?

Verkefni á sviði umhverfismála sem sveitarfélög vilja sinna í meira mæli				
Úrgangsmál	Loftslagsmál	Fráveitumál	Náttúruvernd	Annað
Bætt aðstaða fyrir sorpflokkun og móttöku sorps.	Endurnýjun skólabíla yfir í rafmagnsbíla.	Blágrænar ofanvatns-lausrir.	Aðstaða og mannauður fyrir markvissari landgræðslu.	Barátta gegn stóriðju.
Betri yfirsýn yfir kostnað og endurgreiðslur frá Úrvinnslusjóði.	Fjármagna virka ferðamáta.	Uppbygging hreinsistöðva.	Eyðing á lúpínu og kerfli (og hefta útbreiðslu).	Fjallskil og lausaganga búfjár.
Bokashi gerjun á lífrænum úrgangi.	Gerð og eftirfylgni loftslagsstefnu.	Frárennslismál.	Fjármagna uppgræðslu og skógrækt.	Auka flóðavarnir.
Auka endurvinnslu-hlutfall til að draga úr kostnaði við flutning sorps í meðhöndlun.	Fanga og nýta glatvarma.	Fyrsta stigs hreinsun á fráveitu í þéttbýlis-kjörnum.	Rannsóknir á lífríki (t.d. í ferskvatni).	Fræðsla og miðlun til íbúa (t.d. með samræmdu umhverfis-mælaborði.
Hreinsanir í fjörum á plastreka.	Halda losunarbókhald sveitarfélagsins.	Annars stigs skólphreinsun.	Fuglatalning.	Heildstæð umhverfis- og loftslagsáætlun.
Koma upp efnismiðlun til að stuðla að hringrásarhagkerfi.	Bættar mælingar á umhverfi og loftslagi, t.d. er varðar losunarbókhald.	Endurnýjun fráveitukerfa.		Hreinsun iðnaðarlóða.
Mannauð til að sinna meðhöndlun úrgangs betur.	Fræðsla og þátttökuverkefni tengd loftslagsmálum.	Uppfylla reglugerð 789/1999 um fráveitur og skólp.		Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Bætt eftirlit með verktökum.	Uppsetning á hraðhleðslu-stöðvum og annarskonar hleðsluinnviðum.			Meindýravarðir, s.s. refa- og minkaeyðing.
Betra fyrirkomulag á urðun úrgangs.	Rafvæðing strætisvagna.			Mengunarvarðir.
Bætt úrgangspjónusta.	Framfylgja lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál.			Staðarval og rannsóknir á nýtingu vindorku.
Efla hringrásar-hagkerfið.				Viðhald vega.

3. Niðurstaða verkefnisins

Með framangreindri kortlagningu er þeim hluta verkefnisins eins og honum er lýst í aðgerðaáætlun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga lokið.

Næstu skref eru frekari gagnaöflun varðandi ákveðin umhverfistengd verkefni og nýta þær niðurstöður til að bæta upplýsingagjöf og stuðning til sveitarfélaga, s.s. í gegnum [Verkfærakistu loftslagsvænni sveitarfélaga](#). Jafnframt verður áfram unnið að því að styðja sveitarfélög í því að ráðast í aðgerðir til að tryggja markvissari árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, auka viðnámsþol og aðlaga sveitarfélögin að afleiðingum loftslagsbreytinga. Sem dæmi má nefna aðgerðir í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og væntanlegar aðgerðir í aðlögunaráætlun Íslands.

Þegar hefur verið ráðist í ítarlegri gagnaöflun á grunni þeirra niðurstaðna sem settar eru fram í þessari skýrslu. Samband íslenskra sveitarfélaga framkvæmdi könnun á stöðu sveitarfélaga í loftslagsmálum og [liggja niðurstöðurnar fyrir](#). Kannanir um stöðu sveitarfélaga í úrgangs- og loftslagsmálum verða jafnframt framkvæmdar reglulega á næstu árum til að sífella verði í gagnaöfluninni og hægt verði að sjá breytingar yfir ákveðin tímabil í samræmi við samstarfssamning sem er í gildi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Ávinningur og framhaldslíf þessa verkefnis liggur því skýrt fyrir. Þegar er vinna í gangi sem byggir á niðurstöðum kortlagningarinnar. Þá má vænta þess að aðgerðinni verði framhaldið í endurskoðaðri stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

